



SJÓÐIR EINKABANKAÞJÓNUSTU KVIKU

EIGNALEIÐ I - SKULDABRÉFASAFN

NAFNÁVÖXTUN

Síðasti mánuður	1,1%
Frá áramótum	2,4%
2019	7,7%
2018	5,6%
2017	5,9%
2016	4,6%
2015	3,0%
Frá stofnun*	5,1%

*Sjóður stofnaður 3.12.2013
Ávöxtun frá stofnun er á ársgrundvelli

FJÁRFESTINGARHEIMILDIR

Skuldabréf	20-100%
Innlán	0-60%

EINKENNI

Vægi skuldabréfa	99,9%
Meðaltími skuldabréfa	5,7
Verðtryggingah. skbr.	61,1%

EIGNASAMSETNING

Ríkisskuldabréf	32,2%
JR-Ríkisskuldabréf	16,2%
JR-IS	13,3%
JR-Veðskuldabréf I	11,0%
ARB	5,7%
Akta Vaxtatækifæri	4,5%
KVB	4,4%
Íbúðabréf	3,8%
JR-Kredit	3,5%
Heimavellir	2,6%
Annað	2,8%
Reiðufé	0,1%


FYRIR HVERJA ER SJÓÐURINN

Sjóðurinn er ætlaður viðskiptavinum einkabankaþjónustu og eignastýringarþjónustu Kviku sem vilja ávaxta fé sitt til lengri tíma með virkri stýringu á skuldabréfum. Sjóðurinn hentar þeim sem vilja fjárfesta í dreifðu og blönduðu safni verðbréfa og hlutdeildarskírteina. Fjárfesting í sjóðnum ætti að vera hugsuð sem langtímafjárfesting þar sem sveiflur geta verið í verðmæti sjóðsins.

FJÁRFESTINGARSTEFNA

Markmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda hans til lengri tíma með virkri stýringu á skuldabréfum. Leitast er eftir að ná fram áhættudreifingu með blönduðu safni skuldabréfa og innlána. Meðallíftími eigna sjóðsins getur verið breytilegur frá einum tíma til annars. Þá geta eignir sjóðsins verið hvort sem er verðtryggðar eða óverðtryggðar.

GENGISPRÓUN



UPPLÝSINGAR

REKSTRARFÉLAG Júpíter rekstrarfélag hf.	STOFNÁR 2013	UMSÝSLUÞÓKNUN 0,65%	LEI KÓDI 2549005214MFCLO70P09
SJÓÐSFORM Fjárfestingarsjóður	STÆRD SJÓÐS 804 m.kr.	AFGREIÐSLUTÍMI 9:00-14:00	FRAMKVÆMDASTJÓRI Hannes Hrólfsson
SKRÁNINGARLAND Ísland	VÖRSLUFÉLAG Kvika banki hf.	UPPGJÖRSTÍMI KAUPA 2 viðskiptadagar	SJÓÐSTJÓRI Jónas Gunnarsson
GRUNNMYNT ISK	LÁGMARKSKAUP 10.000 kr.	UPPGJÖRSTÍMI SÖLU 2 viðskiptadagar	FJÁRFESTINGARTEYMI Þorlákur Hilmarsson Örvar Óskarsson
AFGREIÐSLUGJALD 450 kr.	GENGISMUNUR 0,5%	BLOOMBERG AUÐKENNI JPTREL1:IR	



FYRIRVARI

UM JÚPÍTER

Júpíter rekstrarfélag hf. var stofnað af Kviku árið 2006 og hefur frá árinu 2007 starfað með leyfi Fjármálaeftirlitsins sem rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Starfsleyfi félagsins tekur einnig til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnunar fjármála-gerninga í sameiginlegri fjárfestingu. Vörslufyrirtæki félagsins er Kvika.

Júpíter rekur verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem eru rafrænt skráðir og opnir öllum til fjárfestingar. Félagið rekur einnig fagfjárfestassjóði.

Júpíter hefur trygga stöðu sem sjálfstætt rekstrarfélag verðbréfasjóða sem vinnur að sameiginlegum hagsmunum sjóðfélaga og rekstrar-aðila. Félagið er í eigu Kviku.

Söguleg ávöxtun er hvorki áreiðanleg vísibending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Fjárfestum er ráðlagt að leita sérfræðiráðgjafar og kynna sér vel þá fjárfestingarkosti sem í boði eru. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að kynna sér reglur, lykilupplýsingar og útboðslýsingar sjóða sem nálgast má á vefsíðu Júpíters, www.jupiter.is.

Skattlagning hlutdeildarskírteina fellur undir lög um tekjuskatt nr. 90/2003 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðum eru hvattir til að kynna sér skattalega stöðu sína og leita ráðgjafar sérfræðinga s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.

Júpíter rekstrarfélag hf. hefur útvistað hluta af daglegum rekstri til Kviku banka hf. á grundvelli laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestassjóði, nr. 128/2011. Júpíter rekstrarfélag hf. er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða skv. 7. tölul. og b-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 1.-3. tölul. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002.

Fjárhagsleg áhætta fylgir fjárfestingum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Helstu áhættuþættir eru eftirfarandi:

MARKAÐSÁHÆTTA

Hættan á tapi sjóðs vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni sjóðsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfa- og hrávöruverði eða láns hæfi útgefanda.

LAUSAFJÁRHÆTTA

Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma.

REKSTRARÁHÆTTA

Hættan á tapi sjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannaud og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

VERÐBÓLGUÁHÆTTA

Hættan á að verðbólga lækki raunvirði eigna sjóðsins.

MÓTAÐILAÁHÆTTA OG ÁHÆTTA TENGD INNLÁNUM

Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað.

STJÓRN MÁLAÁHÆTTA

Hættan á tapi sjóðsins vegna lagabreytinga, stjórnvaldsákvarðana og stjórn málalegs óstöðugleika.